

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga mánudaginn 2. febrúar kl. 9:45. Fundurinn var haldinn á skrifstofu FV og í fjarfundi frá Bíldudal, Bolungarvík og Hólmavík. Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir formaður (Bíldudal), Baldur Smári Einarsson (Bolungarvík), Daníel Jakobsson, Ingibjörg Emilsdóttir (Hólmavík) og Sigurður Hreinsson. Fundinn sat einnig Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri og ritaði hann fundargerð.

Formaður setti fundinn.

1. Fundargerð stjórnarfundar 9. desember 2014

Lögð fram fundargerð stjórnarfundar 9. desember 2014, fundargerðin hafði áður verið send út og staðfest í tölvupósti, en óskast nú formlega staðfest. Stjórn staðfestir fundargerð.

2. Sóknaráætlun landshluta

a. Drög að samningi um sóknaráætlun landshluta

Lögð fram umsögn FV dags 8. janúar sl. við drög að samningi um sóknaráætlun landshluta sem Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál lagði fram gagnvart landshlutasamtökum sveitarfélaga þann 28. nóvember sl.

Kynnt ný drög að samningi um Sóknaráætlun landshluta dags 24. janúar sl., frá Stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál. Samningsdrögin byggja á athugasemdum landshlutasamtaka sveitarfélaga og ráðuneyta sem standa að samningnum. Framkvæmdastjóri rakti helstu breytingar frá samningsdrögum frá 28. nóvember sl. en að hans mati hefur að verulegu leyti verið tekið tillit til athugasemda landshlutasamtaka. Nýtt samningsatriði hefur þó komið fram af hálfu ráðuneytanna, en það er að felld verði undir þennan samning ákveðin verkefni, sem hafa til þessa verið á fjárlögum. Hér er vísað til ýmissa verkefna sem sett hafa verið af stað á undanförunum árum á grundvelli tillagna landshlutatengdra starfshópa eða nefnda.

Formaður gerði tillögu um að viðræðum um samningsdrög yrði haldið áfram á grundvelli tillögu frá 24. janúar sl. en endanlegri afgreiðslu er frestað til næsta stjórnarfundar. Tillagan samþykkt.

b. Stefnumörkun fyrir sóknaráætlun landshluta.

Framkvæmdastjóri kynnti að til undirbúnings stefnumörkun fyrir sóknaráætlun landshluta á Vestfjörðum, hafi nú verið haldnir í janúar þrjár opnir fundir, á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði. Lagðir voru til grundvallar fjórir málaflokkar á grundvelli draga að samningi um sóknaráætlun landshluta. Málaflokkarnir eru; menningarmál, nýsköpun og atvinnuþróun, uppbygging mannauðs og lýðfræðileg þróun svæðisins. Úrvinnslu þessara funda væri ekki lokið en niðurstaða þeirra yrði lögð til grundvallar stefnumörkun landshlutans.

Fjallað um aðra þætti sem hafa áhrif á að stefna í sóknaráætlun nái fram að ganga, t.d. í samgöngu- og fjarskiptamálum. Framkvæmdastjóri kynnti að vinna að stefnumörkun í þessum tilgreindu málaflokkum væri nú hafin af hálfu samgöngunefndar FV. Gerði hann að tillögu að stefnumörkun samgöngunefndar yrði lögð til grundvallar sóknaráætlun landshluta. Tillagan samþykkt.

3. Framtíðarfyrirkomulag stoðkerfis atvinnu- og byggðapróunar

Formaður kynnti að um síðustu áramót hefði þjónustusamningur FV og Atvest um atvinnu- og byggðapróun runnið úr gildi, en munnlegt samkomulag væri um að halda fyrirkomulagi óbreyttu, þar til vinna við endurskoðun samnings væri lokið.

Rætt um framtíðarfyrirkomulag stoðkerfis atvinnu- og byggðapróunar á Vestfjörðum og áhrif af breyttu fyrirkomulagi samninga um sóknaráætlun landshluta. Umræðu frestað til næsta fundar.

4. Umsagnir FV.

a. Frumvarp til laga um náttúrupassa.

Mætt til fundar Díana Jóhannsdóttir, markaðsfulltrúi.

Frumvarp til laga um náttúrupassa, þingskjal 455, er nú til 1. umræðu á Alþingi, frumvarpið verður sent til umsagnar í framhaldi hennar. Málið varðar hagsmuni sveitarfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum. Markaðsfulltrúi rakti helstu atriði frumvarpsins og þau álitamál sem yrði að ræða nánar. Stjórn FV felur framkvæmdastjóra að afla nánari upplýsinga, m.a. um afstöðu sveitarfélaga. Díana vék af fundi.

b. Landsskipulagsstefna 2015-2026

Drög að landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru til umsagnar til 13. febrúar nk. og hefur Skipulagsstofnun kynnt efni stefnunnar á opnum fundum, m.a. á Ísafirði þann 14. janúar sl. Skipulagsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur haft málið til umfjöllunar og hefur framkvæmdastjóri FV settið hluta funda nefndarinnar undir umfjöllun um haf- og strandsvæðaskipulag. Á grundvelli vinnu nefndarinnar hefur sambandið skilað umsögn til Skipulagsstofnunar dags. 29. janúar sl.

Kynnt umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og er það mat framkvæmdastjóra að sambandið telji að í meginatriðum hafi náðst ákveðin samstaða um landsskipulagsstefnu. Framkvæmdastjóri telur að FV eigi að taka undir umsögn sambandsins en hnykkt verði á mikilvægi þess að hraða vinnu að gerð laga um haf- og strandsvæðaskipulag. Einnig verði undirstrikað mikilvægi Reykjavíkurlflugvallar sem hluta af almenningsamgöngukerfi landsins með tilliti stefnumörkunar í búsetumynstri landsins. Stjórn felur framkvæmdastjóra að skila umsögn um landsskipulagsstefnu í ljósi umræðu á fundinum.

c. Álit Fjórðungssambands Vestfirðinga, Ísafjarðabæjar og Ferðamálasamtaka Vestfjarða á breyttu fyrirkomulagi [Ferðamálastofu Íslands] á úthlutun framlaga til landshluta.

Lagt fram erindi frá Ferðamálastofu Íslands sem sent var tilgreindum aðilum í desember sl. Í erindi Ferðamálastofu eru kynntar hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi á greiðslu framlaga og sameina þrjú verkefni, þ.e. markaðssetningu á ferðaþjónustu landshlutans (FV), kynningu og upplýsingargjöf innan landshlutans (Ísafjarðarbær) og

eflingu ferðaþjónustuaðila (Ferðamálasamtök Vestfjarða). Hvert og eitt þessara verkefna er mikilvægt fyrir ferðaþjónustu landshlutans og fyrir þá aðila hér eru tilgreindir.

Á fundi bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, formanns Ferðamálasamtaka Vestfjarða og framkvæmdastjóra og markaðsfulltrúa FV þann 16. janúar sl., var samþykkt að fela FV að skila sameiginlegri umsögn til Ferðamálastofu. Í umsögn FV kemur m.a. fram það mat að gott samstarf sé á milli þessara aðila um samþættingu á framkvæmd verkefna og vakin er athygli á að þeir greiða í dag um 60% af kostnaði við framkvæmd þeirra á mótí Ferðamálastofu. Í annan stað þá hefur hvert og eitt þessara verkefna sætt niðurskurði að hálfu stjórnvalda allt frá árinu 2008, en samhliða verulegri fjölgun ferðamanna. Síðan er bent á að verulega skorti á nánari upplýsingar í erindi Ferðamálastofu um nánari útfærslu eða framkvæmd. Af þessum sökum verði umsögn aðila í allan stað erfið og setja verður fyrirvara á alla þætti málsins þar til nánari skýringar liggja fyrir.

Ferðamálastofa hefur boðað fund á Ísafirði þann 23. febrúar nk. til að ræða framangreint mál, fundurinn er hluti af fundarröð Ferðamálastofu með landshlutunum um sama málefni.

5. **Dagsetningar og málefni funda stjórnar FV**

Formaður kynnti tillögu að dagsetningu funda stjórnar FV og málefni fram að 60. Fjórðungspingi. Stjórn samþykkir tillögu formanns.

6. **Önnur mál**

Skólaþing FV. Samkvæmt ályktun 59. Fjórðungsping er stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga falið að undirbúa og halda sérstakt málþing um skólamál undir yfirskriftinni „Hvernig má efla skólana okkar“. Málþingið skal haldið veturinn 2014-2015 og skal miða sérstaklega að sveitarstjórnarfólki á Vestfjörðum, en jafnframt vera opið öllu áhugafólki um skólamál á Vestfjörðum. Lagt fram minnisblað með tillögum að staðsetningu og mögulegar dagsetningar þingsins. Formaður gerir að tillögu að þingið verði haldið á Patreksfirði þann 30. maí nk. Tillagan samþykkt og starfsmönnum falið nánara skipulag í samráði við sveitarfélög og skólastjórnendur.

Skipunarbréf, fagråd ferðaþjónustu. Kynnt bréf Íslandsstofu þar sem Díana Jóhannsdóttir markaðsfulltrúi er skipuð önnur af fulltrúum markaðsstofa landshlutanna í fagråd ferðaþjónustunnar. Stjórn FV fagnar þessari skipan Díönu.

Fundur með innanríkisráðherra. Kynnt minnisblað af fundi formanns og framkvæmdastjóra FV með nýjum innanríkisráðherra, Ólöfu Nordal, þann 9. janúar sl. Til umræðu voru samgöngumál og fjarskiptamál á Vestfjörðum, starfsemi sýslumanna og sóknaráætlun landshluta.

Þingmannafundur 23. janúar 2015. Framkvæmdastjóri kynnti umræðu af fundi um alvarlega stöðu atvinnulífs á Þingeyri og Flateyri. Fundurinn var haldinn að beiðni Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur alþingismanns. Fundinn var haldinn í Alþingishúsinu og þar mættu þingmenn NV kjördæmis ásamt fulltrúum frá; smábátasjóðmönnum á Flateyri og Þingeyri, Ísafjarðarbæ, Verkalýðsfélagi Vestfjarða, Byggðastofnun, Atvest og FV. Rædd var staða á úthlutun á sértækum byggðakvóta frá Byggðastofnun,

byggðafestu aflaheimilda, stöðu fiskvinnslu, framtíðarhorfur í öðrum atvinnugreinum, m.a. fiskeldi og mikilvægi samgönguúrbóta fyrir atvinnu- og byggðaðróun með gerð Dýrafjarðargangna.

Kjördæmavika þingmanna. Samkvæmt starfsáætlun Alþingis er kjördæmavika þann 8.-14. febrúar nk. Stjórn FV felur framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með þingmönnum kjördæmisins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:15.